

FÍLA

FÉLAG ÍSLENSKRA LANDSLAGS ARKITEKTA
FEDERATION OF ICELANDIC LANDSCAPE ARCHITECTS



Félag íslenskra landslagsarkitekta FÍLA

Samkeppnisreglur



FRAMKVÆMD SAMKEPPNA	3
1. Inngangur	3
1.1 Gerð samkeppna	3
2. Réttindi, ábyrgð og skyldur	4
2.1 Ábyrgð FÍLA í samkeppnum	4
2.2 Réttindi og skyldur útbjóðanda	4
2.3 Réttindi og skyldur þátttakenda	4
3. Dómnefnd og dómnefndarstörf	5
3.1 Skipan dómnefndar	5
3.2 Ritari dómnefndar	5
3.3 Ráðgjafar dómnefndar	5
3.4 Störf dómnefndar	5
3.5 Þóknun dómnefndarmanna	6
4. Trúnaðarmaður	6
5. Fyrirkomulag annarra atriða	6
5.1 Samkeppnislýsing	6
5.2 Auglýsing um samkeppni	7
5.3 Fyrirspurnir keppenda	7
5.4 Auðkennisnúmer	7
5.5 Verðlaun, viðurkenningar og kaup á tillögum	7
5.6 Frávísun úr keppni	7
5.7 Sýning á tillögum	8
5.8 Að ráða ráðgjafa að lokinni samkeppni (á við um framkvæmdasamkeppnir)	8



FRAMKVÆMD SAMKEPPNA

1. Inngangur

Félag íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) veitir aðstoð við samkeppnshalds og eru þessar reglur lagðar til grundvallar. Markmið þeirra er eftirfarandi:

- að standa vörð um væntingar útbjóðanda til að samkeppnisniðurstöður leiði til faglegra, fagurfræðilegra, hagkvæmra og góðra tæknilegra lausna
- að tryggja faglegt og réttlát mat á samkeppnistillögum þátttakenda

Til að þetta geti átt sér stað er mikilvægt að verkefnið sé vel skilgreint og að mat dómnefndar á innsendum tillögum byggji á þeim skilmálum sem koma fram í keppnislýsingu.

Reglur þessar geta nýst fyrir opinbera aðila sem og einkaaðila. Um samkeppnir á vegum opinberra aðila fer að lögum um opinber innkaup nr. 84/2007, sem ganga frammar þessum reglum, að því marki sem lögin eiga við.

Ef reglur þessar eru notaðar skal það ávallt gert í samvinnu við FÍLA og vísað til þeirra í samkeppnislýsingu. Þóknun til FÍLA fyrir veitta aðstoð skal vera að jafnaði 10 % af verðlaunafé.

1.1 Gerð samkeppna

Samkeppni er þegar tveimur aðilum eða fleiri er boðið að útbúa tillögu um lausn á sama verkefni, tímafrestur og forsendur eru skilgreindar í keppnislýsingu og mat á tillögum fer fram eftir ákveðnum reglum. Samkeppni getur ýmist verið opin öllum sem vilja taka þátt í henni eða lokuð, þ.e. þátttaka verið takmörkuð við boð, val ákveðinna aðila eða fagstétta. Þegar útvöldum aðilum er sérstaklega boðið að taka þátt (boðskeppni) er val á þeim gert í samráði FÍLA og útbjóðanda. Útbjóðandi er sá sem efnir til samkeppni og er ábyrgur fyrir framkvæmd hennar.

Grunnform samkeppna er tvenns konar, annars vegar hugmyndasamkeppni og hins vegar framkvæmdasamkeppni. Samkeppnir geta farið fram í einu eða tveimur þrepum.

HUGMYNDASAMKEPPNI:

Þegar haldin er hugmyndasamkeppni er tilgangurinn sá að kalla fram hugmyndir, úrlausnir á skipulagi og/eða hönnun einstakra svæða. Hugmyndasamkeppni geta ýmist verið lokaðar eða opnar fagaðilum, nemum og almenningi. Að jafnaði er útbjóðandi ekki skyldugur til áframhaldandi vinnu með verðlaunatillögu.

FRAMKVÆMDASAMKEPPNI:

Tilgangur framkvæmdasamkeppni er að fá fram hugmyndir og tillögur til framkvæmda sem vinningshafi fær til nánari útfærslu og eru niðurstöður dómnefndar að jafnaði bindandi. Framkvæmdasamkeppnir geta verið opnar eða lokaðar, í einu eða tveimur þrepum.

TVEGGJA ÞREPA SAMKEPPNI:

Eiga sérstaklega við þegar um stærri og flóknari verkefni er að ræða og geta verið hugmyndasamkeppnir eða framkvæmdasamkeppnir. Í fyrra þrepi eru lagðar fram hugmyndir í stórum dráttum með einföldum skýringarmyndum, uppdráttum og teikningum sem sýna markmið og helstu hugmyndir þátttakenda. Fyrra þrepið getur verið opið eða lokað eftir því sem við á. Seinna þrepið er lokuð samkeppni milli þeirra sem stóðu að bestu tillögum fyrra þrepsins þar sem þeim gefst kostur á nánari úrvinnslu á tillögum sínum.

2. Réttindi, ábyrgð og skyldur

2.1 Ábyrgð FÍLA í samkeppnum

FÍLA ber faglega ábyrgð á að samkeppnir sem haldnar eru á vegum félagsins séu undirbúnar og framkvæmdar í samræmi við reglur þessar. FÍLA ber ekki ábyrgð á brotum útbjóðanda á reglum þessum eða öðrum brotum útbjóðanda gagnvart keppendum eða öðrum.

FÍLA ráðleggur útbjóðanda samkeppninnar um val á samkeppnisformi og aðstoðar við val á dómnefndarmönnum, ritara og ráðgjöfum í samræmi við þessar reglur.

Þær samkeppnir sem FÍLA samþykkir skulu merktar í auglýsingum og í keppnislýsingu: „Í samvinnu við FÍLA“. FÍLA skal hafa aðgang að öllum tillögum og útgáfugögnum samkeppna til frekari birtingar.

Fagnefnd FÍLA fer með umboð félagsins í samkeppnismálum og hefur það hlutverk að samþykkja og fylgja eftir þeim samkeppnum sem haldnar eru eftir þessum reglum.

2.2 Réttindi og skyldur útbjóðanda

Þegar samkeppni er auglýst hefur útbjóðandi skuldbundið sig til að halda samkeppni eins og henni er lýst í auglýsingu og samkeppnislýsingu. Þetta á við bæði með opnar og lokaðar samkeppnir.

Útbjóðandi ásamt FÍLA ber ábyrgð á framkvæmd samkeppninnar með því m.a. að tryggja nafnleynd og að farið sé að reglum þessum. Útbjóðandi ásamt FÍLA ber ábyrgð á að skipan dómnefndar sé í samræmi við gr. 3.1

Samkeppnislýsing skal vinna í samvinnu dómnefndar og útbjóðanda.

Útbjóðandi ber að jafnaði allan kostnað af samkeppninni. Í því felst m.a. þóknun til FÍLA fyrir aðstoð og afnot af gögnum, kostnaður við samkeppnisgögn, auglýsingar, laun dómnefndar, trúnaðarmanns, ritara og ráðgjafa, sýningu á tillögum, verðlaunafé og fé til innkaupa á tillögum.

Útbjóðandi skal sjá til þess að sá tími sem dómnefnd fær til að vinna keppnislýsingu og dæma tillögur tryggi faglega og ábyrga framkvæmd samkeppninnar. Þátttakendum skal tryggður rúmur tími til að leysa verkefnið í samræmi við umfang þess

Útbjóðandi skuldbindur sig til að fara eftir mati dómnefndar á samkeppnislýsingu og niðurstöðum hennar um samkeppnina. Útbjóðandi greiðir verðlaunafé og viðurkenningar í samræmi við ákvörðun dómnefndar. Ef um framkvæmdasamkeppni er að ræða tilnefnir útbjóðandi einnig höfund tillögunnar sem fyrstu verðlaun hlaut sem ráðgjafa við verkið.

Ef útbjóðandi fellur frá samkeppni í þrepaskiptri samkeppni skal það gert áður en seinna þrep hefst en eftir að dómnefnd hefur tilkynnt hvaða tillögur hefðu komist áfram. Þá skal skipta heildar verðlaunaupphæðinni jafnt á milli þeirra keppenda sem taka áttu þátt í seinna þrepi. Ekki skulu líða fleiri en fjórir mánuðir frá því að tilkynnt hefur verið um þá sem komust í aðalkeppnina og þar til útbjóðandi tilkynnir hvort hann hættir við samkeppnina eða heldur henni áfram.

Útbjóðandi fær notkunarrétt af öllum verðlaunuðum og innkeyptum tillögum. Útbjóðandi hefur rétt til að sýna allar innsendar tillögur og jafnframt að halda eftir eintökum þeirra tillagna sem fá verðlaun, viðurkenningu eða eru innkeyptar.

2.3 Réttindi og skyldur þátttakenda

Með því að senda inn tillögu hefur þátttakandi samþykkt dómnefnd, keppnislýsingu og tilhögun samkeppninnar.

Þeir sem hafa unnið að undirbúningi samkeppni t.d. sem dómnefndarmenn, trúnaðarmenn, ráðgjafar, er óheimilt að taka þátt í henni. Nánar skal kveðið um þátttökurétt í samkeppnislýsingu. Nánir samstarfsmenn dómnefndarmanna geta ekki tekið þátt í samkeppni.

Ef vafi leikur á rétti til þátttöku skal leita álits trúnaðarmanns. Niðurstaða hans er bindandi.

Þátttakendur skulu viðhafa nafnleynd þar til dómnefnd hefur kunnert niðurstöðu.

Samkeppnistillaga sem áður hefur verið sýnd opinberlega eða kynnt útbjóðenda, dómnefndarmeðlimum, ráðgjöfum eða ritara, telst óhæf til keppni.

Um höfundarétt gilda reglur höfundalaga 73/1972. Höfundur samkeppnistillögu er sá sem skráður er höfundur samkvæmt nafnaseðli.

3. Dómnefnd og dómnefndarstörf

Vanda skal val dómnefndarmanna og mikilvægt er að standa faglega að vali þeirra. Tilgreina skal nöfn dómnefndarmanna og í umboði hverra þeir sitja í samkeppnislýsingu og í auglýsingum um samkeppnina. Dómnefnd ber ábyrgð á gerð samkeppnislýsingar, mati á innsendum tillögum og dómsniðurstöðum og er hún bundin þagnarskyldu þar til störfum hennar er lokið.

3.1 Skipan dómnefndar

Samkeppnisnefnd í samvinnu við stjórn FÍLA og útbjóðandi samkeppninnar tilnefna dómnefndarfulltrúa. Meirihluti dómnefndarmanna skulu vera fagaðilar á því sviði sem samkeppnin fjallar um. Tala dómnefndarmanna skal standa á oddatölu 3, 5, 7.

Útbjóðandi í samvinnu við FÍLA skipar formann dómnefndar eða felur dómnefnd að skipta með sér verkum.

Ákvarðanir dómnefndar eru teknar í krafti meirihluta. Ef ágreiningur kemur upp innan dómnefndar getur formaður nefndarinnar leitað til trúnaðarmanns. Sé ágreiningur á meðal dómnefndarmanna er heimilt að greina frá því í niðurstöðu dómnefndar.

3.2 Ritari dómnefndar

Útbjóðandi tilnefnir ritara dómnefndar sem jafnframt hefur eftirlit með framkvæmd samkeppninnar. Ritari skráir fundargerðir dómnefndar, er dómnefndinni til aðstoðar og er að jafnaði viðstaddur fundi hennar en hefur ekki atkvæðisrétt. Ritari er bundinn þagnarskyldu.

3.3 Ráðgjafar dómnefndar

Dómnefnd getur útnefnt óháða ráðgjafa sér til aðstoðar við mat á samkeppnistillögum. Geta skal ráðgjafa í samkeppnislýsingu. Ef kallað þarf til aðra ráðgjafa en getið er um í samkeppnislýsingu skal trúnaðarmaður upplýsa alla þátttakendur um það. Ráðgjafar eru bundnir þagnarskyldu og hafa ekki atkvæðisrétt.

3.4 Störf dómnefndar

Dómnefnd ráðleggur útbjóðanda um frekari tilhögun samkeppninnar, fresti um skil á samkeppnistillögum og fyrirkomulag verðlauna.

Samkeppnislýsing er unnin í samvinnu dómnefndar og útbjóðanda og í samræmi við samkeppnisreglur FÍLA. Samkeppnislýsing skal undirrituð af öllum dómnefndarmeðlimum og tilgreina skal í umboði hverra þeir sitja í dómnefnd.

Dómnefnd ber að svara fyrirspurnum keppenda og sjá til þess að svörin séu aðgengileg öllum þátttakendum innan tilgreinds tíma. Í tveggja þrepa samkeppnum geta dómnefndarmenn ákvarðað frekari skilyrði og leiðbeiningar um framhald keppninnar.

Verði ófyrirséðar tafir á framkvæmd samkeppninnar getur dómnefnd ákveðið að lengja skilafrest á tillögum. Tryggja skal að upplýsingar um lengdan skilafrest séu aðgengilegar öllum þátttakendum.

Störfum dómnefndar telst formlega lokið þegar afhending verðlauna hefur farið fram og haldinn hefur verið almennur kynningarfundur á samkeppnistillögum.

Mat á tillögum

Áður en mat dómnefndar á tillögum hefst þurfa allar tillögur sem skilað hefur verið til trúnaðarmanns eða sendar með lögbundnum hætti að hafa borist dómnefnd.

Að jafnaði skal dómnefnd vera fullskipuð þegar fram fer mat á tillögum. Tilnefna þarf nýjan dómnefndarfulltrúa ef forföll verða.

Dórnnefnd ber að meta allar innsendar tillögur, leggja mat á það hvort þær uppfylla öll bindandi skilyrði og leiðbeiningar sem tilgreindar eru í keppnislýsingu og dæma þær tillögur úr leik sem ekki gera það.

Niðurstaða dórnnefndar

Niðurstaða dórnnefndar skal vera skrifleg og undirrituð af öllum dórnnefndarmönnum að viðstöddum trúnaðarmanni, áður en nafnleynd er rofin. Í niðurstöðunum skal m.a. koma fram hversu margar tillögur voru metnar, röð tillagna sem hljóta verðlaun auk rökstuðnings ef innsend tillaga hefur verið dæmd ógild.

Dórnnefnd skal fjalla almennt um það hverju samkeppnin hefur skilað, skrifa faglegan rökstuðning fyrir niðurstöðum sínum um að minnsta kosti verðlaunatillögurnar og þær tillögur sem fá sérstaka viðurkenningu eða þykja áhugaverðar af öðrum ástæðum.

3.5 Þóknun dórnnefndarmanna

Hverjum dórnnefndarmanni skal greidd umsamin þóknun samkvæmt samningi FÍLA og útbjóðanda.

4. Trúnaðarmaður

FÍLA tilnefnir trúnaðarmann sem jafnframt er umsjónarmaður samkeppninnar og ábyrgur fyrir því að jafnræðis sé gætt á meðal þátttakenda og að þeim sé öllum veittar sömu upplýsingar. Hann er tengiliður dórnnefndar og útbjóðanda við þátttakendur, hefur eftirlit með nafnleynd og að þagnarskyldu sé framfylgt hjá dórnnefnd, ritara og ráðgjöfum.

Trúnaðarmaður skal hitta dórnnefnd áður en vinna keppnislýsingar hefst og fara yfir samkeppnisreglur m.a. það sem viðkemur hans störfum. Einnig skal trúnaðarmaður fá keppnislýsinguna í hendur áður en hún er birt til yfirlstrar og sjá til þess að hún samræmist samkeppnisreglum félagsins.

Trúnaðarmaður sker úr í málum þar sem vafi leikur á rétti til þátttöku og er niðurstaða hans bindandi.

Trúnaðarmaður ber ábyrgð á meðferð fyrirspurna til dórnnefndar og að svör berist þátttakendum.

Trúnaðarmaður tekur við tillögum og afhendir dórnnefnd. Trúnaðarmaður hengir upp tillögur. Hann gætir gagna með auðkennisnúmerum (nöfnum) innsendra tillagna þar til undirritaðar niðurstöður dórnnefndar liggja fyrir og nafnleynd er rofin. Trúnaðarmaður eða formaður dórnnefndar skal tilkynna öllum vinningshöfum um niðurstöðu samkeppninnar.

Ef trúnaðarmaður forfallast varanlega skal skipa annan í hans stað.

Ritari dórnnefndar og trúnaðarmaður skal ekki vera sami aðili. Trúnaðarmaður er bundinn þagnarskyldu.

5. Fyrirkomulag annarra atriða

5.1 Samkeppnislýsing

Samkeppnislýsing skal unnin í samvinnu dórnnefndar og útbjóðanda. Samkeppnislýsingin skal innihalda greinargerð um aðdraganda og tilgang keppninnar, tilgreina útbjóðanda verkefnisins, samkeppnisform, viðfangsefni, reglur, réttindi og skyldur útbjóðanda, dórnnefndar, þátttakenda og FÍLA. Samkeppnislýsingu skal samþykka með undirritun allra dórnnefndarmanna, útbjóðanda og FÍLA. Við undirritun öðlast samkeppnislýsingin gildi og er bindandi fyrir viðkomandi samkeppni.

Í samkeppnislýsingu skal dórnnefnd gera grein fyrir þeim áherslum sem verða stýrandi í mati hennar á tillögum. Mikilvægt er að í samkeppnislýsingu sé gerð grein fyrir bindandi og leiðbeinandi skilyrðum. Koma skal fram upplýsingar um afmörkun keppnisvæðisins, lýsing á svæðinu og þróun þess eftir því sem þurfa þykir. Í þessum tilgangi má vísa í keppnisgögn og ítarefni.

Tilgreina skal tungumál samkeppninnar, verðlaunafé, upplýsingar um trúnaðarmann og hverjir hafa þátttökurétt.

Í keppnislýsingu skal tilgreina fresti fyrir skil á fyrirspurnum og tillögum, kröfur um fjölda, umfang og frágang keppnisgagna auk leiðbeininga um auðkennisnúmer tillagna

Heimilt er að krefjast þess í samkeppnislýsingu að allir keppendur leggi fram keppnisgögn á rafrænu formi sem senda má fjölmiðlum til kynningar að lokinni samkeppni og sem útbjóðandi getur nýtt sér.

Í keppnislýsingu skal koma skýrt fram hvort innsendum tillögum, öðrum en verðlaunuðum, verði skilað að lokinni sýningu eða þeim fargað, séu þær ekki sóttar innan tilgreinds tíma.

5.2 Auglýsing um samkeppni

Í auglýsingum um samkeppni þarf að tilgreina eðli verkefnisins, hvar hægt sé að nálgast frekari gögn og upplýsingar um samkeppnina, nöfn dómnefndarmanna, dagsetningu lokafrests til að óska eftir samkeppnisgögnum ef þau eru ekki aðgengileg á opnu vefsvæði, skilgreiningu hverjum er heimilt að taka þátt, dagsetning skilafrests tillagna og hvaða verðlaun eru í boði.

5.3 Fyrirspurnir keppenda

Keppendur geta lagt fram fyrirspurnir er varða samkeppnina og fyrirkomulag hennar. Sendu ber fyrirspurnir til trúnaðarmanns sem áframsendir þær nafnlaust til dómnefndar. Svör dómnefndar skulu send öllum þátttakendum eða gerð aðgengileg á annan hátt.

Ákveða skal fresti í samkeppnislýsingu. Gera skal ráð fyrir að lágmarki þriggja vikna tímabili frá útgáfudegi samkeppnislýsingar til þess að leggja fram spurningar en ræðst þó af eðli og stærð samkeppninnar. Svör við fyrirspurnum skulu berast í síðasta lagi sjö dögum eftir að fyrirspurnatíma lýkur. Verði ófyrirséðar tafir, ætti sjálfkrafa að lengja lokafrest til að leggja fram tillögur og tilkynna um það þegar í upphafi yfirlýsingarinnar.

5.4 Auðkennisnúmer

Innsendar tillögur skulu eingöngu vera merktar höfundum sínum með auðkennisnúmeri og skal það vera á öllum skilagögnum. Leiðbeiningar um stærð og tilhögun auðkennisnúmera skulu vera í samkeppnislýsingu. Ekki má setja neitt annað tákni, slagorð eða einkennandi merki neins staðar á keppnistillögu.

Hverri keppnistillögu skal fylgja lokað umslag með staðfestingu á auðkennisnúmeri og nöfnum þeirra sem standa að tillögu. Umslöginn verður ekki opnuð fyrr en undirrituð niðurstaða dómnefndar og dómnefndarálit liggur fyrir.

5.5 Verðlaun, viðurkenningar og kaup á tillögum

Útbjóðandi greiðir verðlaunafé sem dómnefnd ákveður hvernig skipta skuli á milli verðlaunatillagna. Að jafnaði skal veita að minnsta kosti þrenn verðlaun og miða skal við að heildarverðlaunaféð sé tvöfalt hærra en það vinnuframlag sem beðið er um í keppnislýsingu. Í framkvæmdasamkeppnum skal tilgreina fyrstu, önnur og þriðju verðlaun. Útbjóðandi getur einnig lagt fram ákveðna upphæð sem dómnefnd getur úthlutað sem viðurkenningu eða til kaupa á tillögum sem þykja athyglisverðar. Í hugmyndasamkeppnum hefur dómnefnd heimild til að leggja saman fyrstu, önnur, þriðju og öll önnur verðlaun og deila þeim á milli fleiri eða færri keppenda, réttlæti aðstæður það. Verðlaun teljast ekki fyrirframgreiðsla fyrir síðari hönnun.

Útbjóðandi skal greiða verðlaunafé og viðurkenningar í samræmi við ákvörðun dómnefndar. Í framkvæmdasamkeppnum skal útbjóðandi tilnefna höfund þeirrar tillögu sem hlýtur fyrstu verðlaun, sem ráðgjafi við verkið. Verðlaunaféð skal greiða um leið og umsögn dómnefndar liggur fyrir.

Sé um boðskeppni eða forval að ræða, fær hver og einn þátttakandi jafn háa greiðslu að samkeppni lokinni. Höfundur þeirrar tillögu sem valinn er til 1. verðlauna skal ráðinn sem ráðgjafi við verkið.

5.6 Frávísun úr keppni

Samkeppnistillögu skal vísað úr keppni:

- ef hún berst eftir að skilafrestur var útrunninn samkvæmt samkeppnislýsingu.
- ef hún uppfyllir ekki bindandi skilyrði í samkeppnislýsingu.
- ef keppandi fer ekki eftir settum reglum samkeppninnar.
- ef keppandi rýfur nafnleynd eða reynir að hafa áhrif á ákvörðun dómnefndar.

5.7 *Sýning á tillögum*

Sé um að ræða samkeppni í einu þrepi skal sýna opinberlega allar samþykktar tillögur og meðfylgjandi greinargerðir ásamt umsögn dómnefndar. Sýningin skal að jafnaði standa í eina viku að lágmarki. Auglýsa skal opinberlega um tíma og staðsetningu sýningarinnar og tilkynna þátttakendum það sérstaklega. Sé um margar keppnistillögur að ræða, má sýna valdar tillögur á nokkrum sýningum í röð.

Ef um keppni í tveimur þrepum að ræða, má einnig sýna tillögur frá forkeppninni í lok samkeppninnar að vali útbjóðanda. Útbjóðanda er heimilt að kynna samþykktar tillögur í fjölmiðlum og á veraldarvefnum.

5.8 *Að ráða ráðgjafa að lokinni samkeppni (á við um framkvæmdasamkeppni)*

Þegar um framkvæmdasamkeppni er að ræða er ætlast til að útbjóðandi ráði höfund þeirrar tillögu sem hlaut fyrstu verðlaun sem ráðgjafa í frekari útfærslu verksins. Ef útbjóðandi velur annan til framhaldsvinnu verks en höfundi þeirrar tillögu sem dómnefnd mælir með til útfærslu verks, skal honum greidd viðbótarþóknun sömu upphæðar og verðlaunin sem honum voru veitt í upphafi fyrir fyrstu verðlaunatillögu sína.

Útbjóðandi getur krafist þess að höfundur valinnar tillögu færi rök fyrir því að hann hafi bolmagn til þess að framkvæma verkið á skilvirkan hátt. Sé útbjóðandi ekki sannfærður um að höfundur verðlaunatillögu ráði yfir eða geti komið á fót fullnægjandi skipulagi, getur hann í samráði við stjórn FÍLA krafist þess að höfundur finni samstarfsaðila sem gerir höfundi kleift að ljúka verkinu. Val á samstarfsaðila skal hljóta samþykkis bæði útbjóðanda og FÍLA. Valinn samstarfsaðili má ekki hafa komið að undirbúningi samkeppninnar eða hafa starfað við hana, s.s. í dómnefnd, sem ritari eða trúnaðarmaður.

Ef höfundur fyrstu verðlaunatillögu hefur ekki fengið nein fyrirmæli í tvö ár eftir dagsetningu verðlaunaafhendingar, skal greiða honum þóknun sem nemur helming af upphæð fyrstu verðlauna.

Samkeppnisreglur FÍLA, 3. útgáfa
Samþykkt á aðalfundi félagsins – 21. apríl 2015